

REGLUGERÐ

um viðvörunarmerki almannavarna.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda þar sem gerðar eru ráðstafanir til almannavarna samkvæmt 7. og 9. gr. laga um almannavarnir.

2. gr.

Með viðvörun er hér átt við að almenningur fái vitneskju um yfirvofandi hættu af völdum hernaðaraðgerða eða náttúruhamfara. Viðvörun skal framkvæma þannig að tryggt sé, svo sem framast er unnt, að allir íbúar svæðis séu varaðir við hættunni.

3. gr.

Til viðvörunar í kaupstöðum og kauptúnum með 2000 íbúa eða fleiri, skal nota handknúin tæki eða aðrar aðferðir. Leita skal samþykkis almannavarnaráðs um gerð búnaðar eða aðferð, sem notuð er til viðvörunar.

4. gr.

Viðvörun skal, svo sem aðstæður framast leyfa, framkvæma með samsvarandi hljóðmerkjum um land allt. Hljóðmerki skulu vera þrenns konar.

- a) Merki um áriðandi tilkynningu í útvarpi: Langt hljóð með tveim stuttum á eftir a. m. k. þrítekið.
- b) Merki um yfirvofandi hættu: Stutt hljóð í sífellu í minnst eina mínútu.
- c) Merki um að hætta sé liðin hjá: Langt hljóð, einstakt, í minnst hálfra mínútu.

Langt hljóð standi í 6,5 sekúndur og stutt hljóð í 1,5 sekúndu, nema annað sé tiltekið. Bil milli hljóða í merki sé 2 sekúndur og milli merkjanna sjálfra minnst 6,5 sekúndur.

Þegar gefin eru hljóðmerki um áriðandi tilkynningu eða yfirvofandi hættu er öll óþarfa notkun síma bönnuð.

5. gr.

Til að tryggja að viðvörunarbúnaður sé ætíð virkur, skal hann reyndur reglulega. Viðvörunarkerfið skal reynt á hádegi fyrsta miðvikudag hvers ársfjórðungs, sem ekki ber upp á almennan frídag, og skal það tilkynnt almenningi með nægum fyrirvara í útvarpi.

Tæknilegan búnað viðvörunarkerfisins skal reyna einu sinni í mánuði, án þess að hljóðmerki sé gefið.

6. gr.

Hljóðmerki samkvæmt a og b lið 4. gr. má eigi nota í öðru skyni en þar segir.

Eigi má heldur nota viðvörunarbúnaðinn til annarra merkjasendinga, nema með samþykki almannavarnaráðs.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum um almannavarnir nr. 94 29. desember 1962, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 106 25. apríl 1969 um viðvörunarmerki almannavarna, sbr. reglugerð nr. 37 23. febrúar 1971.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. september 1983.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.